

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

51

15. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.***LÖG**

um

52

15. júní

**heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum  
banka í Reykjavík.**Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:**1. gr.**Ráðuneytinu er heimilað að veita hlutafjelagi, sem stofnað kann að verða  
í því skyni, hlunnindi handa banka, er fjelagið stofnar í Reykjavík, þau er  
hjer segir:

- a. Ef viðurkenning fyrir innláni glatast, getur bankinn kallað handhafa hennar með auglýsingu, sem prentuð sje þrisvar í blaði því, er flytur stjórnvalda auglýsingar, með 6 mánaða fyrirvara að gefa sig fram við bankann, og ef enginn hefir gefið sig fram áður en tjeður frestur er liðinn, þá má bankinn greiða upphæðina þeim, sem viðurkenninguna hefir fengið frá bankanum, án þess nokkur annar, sem viðurkenningin kann að vera afsöluð, geti búið kröfu á hendur bankanum.
- b. Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanskilið kyrrsetningu og löghaldi.

- 52**  
15. júní
- e. Bankinn hefir sem handveðshafi rjett til þess að selja sjálfur veðið við opinbert uppboð, en að öðru leyti samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum um veð, 4. nóv. 1887, 1. gr.
- d. Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs eða annara stofnana. Í þess stað skal bankinn gjalda í ríkissjóð hluta af hreinum ársarði sínum, sem ákveðst þannig:

Frá ársarðinum dragist fyrst hæfileg fjárhæð til afskriftar af væntanlegu bankahúsi og innanstokksmunum, þar næst beint áfallið tap bankans enda samþykki eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum afskriftirnar, og síðast 10% af ársarðinum til varasjóðs og 5% af hlutafjárupphæðinni til hluthafaarðs.

Af því, sem fram yfir er, greiðist ríkissjóði:

5% af fyrstu 100 þús. kr.

10% af næstu 100 þús. kr.

25% af afganginum.

Hlunnindi samkvæmt lögum þessum haldast þann tíma, sem nú er eftir af hlunnindatíma Íslandsbanka samkvæmt lögum nr. 11, 7. júní 1902, og auglýsingu nr. 48, 25. nóv. 1903. Að þeim tíma liðnum nýtur bankinn bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka.

- e. Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem útgefast af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar, hlutabryjef bankans og framsöl þeirra skulu undanþeginn stimpilgjaldi.

### 2. gr.

Hlunnindi þau, sem ræðir um í 1. gr., ná einnig til útibúa þeirra, sem bankinn kann að setja á stofn.

### 3. gr.

Hlunnindi þau, sem í 1. gr., sbr. 2. gr., segir, eru þessum skilyrðum bundin:

- a. Hlutafje bankans má eigi vera minna en 2 miljónir og eigi meira en 6 miljónir króna, og skulu að minsta kosti 55% hlutafjárins boðin út innanlands í þrjá mánuði eftir að lögín öðlast gildi. Meiri hluti bankastjórnar (bankaráðs) sje Íslendingar, búsettir á Íslandi.
- b. Bankinn skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.
- c. Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo af þrem endurskoðendum bankans.
- d. Bankinn skal jafnan hafa í auðseldum innlendum verðbrjefum, er ráðherra tekur gild, sem svarar minst 10% af innlánsfje því, er hann hefir hverju sinni, til tryggingar því.
- e. Reikninga bankans skal birta opinberlega á þann hátt, sem leyfisbrjef segir til.

- f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabryfum sjálfs sín. **52**  
 g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927. 15. júní  
 h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Jón Þorláksson.*

## LÖG

um

**breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].**

**53**  
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „1923“ í 1. gr. laganna kemur: 1927.

2. gr.

Gjald það, er Landsbankanum ber að greiða ríkissjóði samkvæmt 1. gr. laganna, skal frá ársbyrjun 1926 að telja lagt á sjerstakan reikning í Landsbankanum, og má verja því eftir ákvörðun ráðherra til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir frá sama tíma af gengisbreytingum íslenskrar krónu.